

Kæri MH-ingur – póstur frá náms og starfsráðgjöfum vegna prófa – sent 5.nóv

Nú nálgast lokapróf haustannar og undanfarið hefur verið mikið að gera hjá flestum nemendum í MH. Við viljum hvetja þig til að taka námið alvarlega þessar síðustu vikur og leggja þig fram eins og kostur er. Mundu að setja námið í fyrsta sæti og ekki gleyma mikilvægi hollrar næringar og góðs nætursvefns.

Þann 29. nóvember er fyrsti prófdagur og það eru alltaf einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði í lokaprófum og er reynt að bregðast við því. Þetta stendur ykkur til boða sem eigið greiningar af einhverjum toga, hafið vottorð frá lækni /sálfræðingi eða eruð í reglulegu sambandi við náms- og starfsráðgjafa MH.

Í MH er m.a. hægt að biðja um

- að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal
- lesblindir nemendur geta fengið lituð prófblöð eða prófið á hljóðskrá
- að taka próf í námsveri (gildir um þá sem hafa sótt námsver í haust)
- önnur sérúrræði í viðtali við námsráðgjafa

Koma þarf til námsráðgjafa og sækja um sérúrræði í prófum fyrir 15. nóvember.

ATH að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma þar sem allir nemendur í MH fá sjálfkrafa lengdan próftíma. Aðeins þarf að sækja um lituð blöð, upplestur eða að vera í sérstofu (hámark 12 saman í kennslustofu í staðin fyrir að vera á sal)
Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við náms-og starfsráðgjafa MH.

Kv.

Fríður, Ásdís og Sigga Birna
náms- og starfsráðgjafar MH